

**Nr. 029/14 Guðbjartur SH 45****Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2574  
Smíðaður: Hafnarfirði 2003 plast  
Stærð: 11,29 brl. 14,71 bt.  
Mesta lengd: 11,65 m Skráð lengd: 11,37 m  
Breidd: 3,67 m Dýpt: 1,46 m  
Vél: Caterpillar 254 kW 2010  
Fjöldi skipverja: 3



Guðbjartur ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 7. apríl 2014 var Guðbjartur SH 45 á siglingu á miðin suður af Reykjanesi. Veður: Logn.

Þegar báturinn var staddur um 9 sml. SV af Grindavík sá skipstjóri að kælivatnshiti steig óeðlilega og fór að fylgjast með hitamælinum. Áður en viðvörunarkerfi fór í gang stöðvaði hann vélina en þá hafði kælivatnshiti náð 100°C en við athugun kom í ljós að sjódæla fyrir kælisjó á kælikerfi vélarinnar virkaði ekki þar sem dæluásinn hafði brotnað.

Þar sem ekki voru til varahlutir um borð var óskað eftir aðstoð og björgunarskipið Oddur V. Gíslason dró Guðbjart til Grindavíkur.

**Við rannsókn kom fram:**

- að ekki liggur ljóst fyrir hvers vegna dæluásinn brotnaði;
- að sögn skipstjóra hafði ekkert sérstakt komið fyrir sem gat skýrt þetta.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.